

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2023, þriðjudaginn 13. júní kl. 10:30 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1213. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 2. hæð Borgartúni 12-14, Bergvík.

Fundinn sátu: Nikulás Úlfar Másson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Kristín B. I. Sverrisdóttir, Sigrún Reynisdóttir og Vala Ragna Ingólfssdóttir  
Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. Álfabakki 12 - USK23050118 Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og opna á milli rýma 0105 og 0106 í verslunar- og skrifstofuhúsi við Álfabakka 12, mhl.05, á lóðinni Álfab. 12-16/Þönglab.  
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Álfabakki 12 - USK23030203 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem lokað hefur verið fyrir stigaopi og stigi fjarlægður á milli fyrstu hæðar, 0101, og kjallara, 0003, og séreign breytt í tvær notkunareiningar, inngangshurð breytt og færð til ásamt nýjum breytingum þannig að innra skipulagi verði breytt undir starfsemi snyrtistofu sem var áður verslun í mhl. 0101 á 1. hæð í húsi á lóð nr. 12 við Álfabakka.

Erindi fylgir samþykkir eiganda fasteignar mhl. 0101, dags. 6. mars 2023, lóðauppráttur dags. 26. október 2018, mæliblað dag 11. nóvember 1981 og vottorð húsaskoðunar dags. 23. maí 2023.

Gjald kr.14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Boðagrandi 9 - USK23050320 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, endurnýja klæðningar inni, setja upp vélræna loftræsingu, loka hluta skriðkjallara og gera nýtt aðgengi að honum utan frá í leikskóla á lóð nr. 9 við Boðagrandi.  
Erindi fylgir brunahönnun dags. 26. maí 2023, greinargerð um hljóðvist dags. 26. maí 2023 og yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Borgartún 29 - BN060945 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem fela í sér að innréttuð hefur verið snyrtistofa í rými 0004 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 29. við Borgartún.  
Gjald kr. 12.600.

Frestað. Hönnuður hafi samband við embættið.

5. Brautarholt 22 - USK23050100 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi veitingarstaðar í flokki (?), tegund (?) fyrir (?) gesti, á 1. hæð, rými 0101, í hótél- verslunar- og þjónustuhúsi á lóð nr. 22 við Brautarholt.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 15. september 2015.  
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Fossagata 11 - BN061838 Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr með mhl. 02 og gerð grein fyrir áðurgerðum breytingum 1.hæðar og risi, búa til sameign í kjallara þar sem inntökin eru og þannig minnka eignarhaldi kjallara sem því nemur, ásamt áður gerðum þakgluggum á húsi með mhl. 01 og nýtt sorgerði á lóð nr. 11 við Fossagötu.  
Stærð: 24.9 ferm., 91.4 rúmm.  
Samþykki meðeiganda fylgir erindi og útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa dags. 7. júlí 2022 og 16. febrúar 2023.  
Gjald kr. 13.200.  
  
Frestað. Vísað til athugasemda.
7. Framnesvegur 19 - USK23050142 Sótt er um leyfi til þess að rífa einnar hæðar geymslu frá árinu 1920 og byggja á sama stað tveggja hæða viðbyggingu með svölum við einbýlishús byggt 1913, á lóð nr. 19 við Framnesveg.  
Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.  
Erindi fylgir umsögn frá burðarþolshönnuði dags. 28. apríl 2023, varmatapsútreikningar og orkurammi dags. 2. maí 2023 ásamt afrit af tölvupóstum milli hönnuða og Minjastofnunar.  
Gjald kr. 14.000.  
  
Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar og/eða grenndarkynningar.
8. Grjótháls 1-3 - USK23050024 Sótt er um breytingar á erindi BN058492, með síðari breytingum BN059157, BN061547 og BN061735, vegna lokaúttektar, sem felast í að innra skipulagi er breytt lítillega á 2. hæð og millilofti 2. hæðar í iðnaðarhúsi á lóð nr. 1-3 við Grjótháls.  
Erindi fylgir afrit af samþykktu teikningasetti ásamt greinargerð hönnuðar dags. 2. febrúar 2023, með samantekt á breytingum.  
Gjald kr. 14.000.  
  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
9. Grjótháls 7-11 - USK23050120 Sótt er um leyfi til að reisa dreifistöð raforku, mhl.??, úr forsteyptum einingum á þar til gerðum byggingarreit á bílastæði við norðurmörk lóðar nr. 7-11 við Grjótháls.  
Stærð: xx.x ferm., xx.x rúmm.  
Erindi fylgir mæliblað 4.304.0 dags.23. mars 2023 og hæðarblað frá árinu 1978.  
Gjald kr. 14.000.  
  
Frestað. Vísað til athugasemda.
10. Hallgerðargata 20 - USK23040060 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058466 þannig að texta byggingarlýsingar um brunavarnir og brunakröfu veggja við geymslur í bílgeymslu er breytt v/lokaúttektar í fjölbýlishúsi á lóð nr. 20 við Hallgerðargötu.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 14.000.  
  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
11. Hallveigarstígur 1 - USK23010136 Sótt er um gististað með hylkjum, sótt er um gistihús fyrir 140 gesti í 120 hylkjum í kjallara Hallveigarstíg 1.  
  
Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar.

12. Hamravík 14 - USK23050051 Sótt er um leyfi til niðurrifs á færnanlegri kennslustofu (leikfangaskúrs) á lóð nr. 14 við Hamravík.  
Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

13. Holtavegur 28 - USK23050083 Sótt er um leyfi til að gera innanhúss breytingar á neðri hæð KFUM og K sem felur í sér að gerðar verða tvær deildir fyrir elstu börnin, auk þess verða klósettkjarnar færðir og wc fyrir hreyfihamlaða bætt við.  
Gjald kr.14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Hraunberg 4 - USK23050288 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi vegna endurnýjunar á starfsleyfi fyrir veitingastað í flokki II teg.c á lóð nr.4 við Hraunberg.  
Gjald kr.14000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Hrístateigur 15 - USK23020248 Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun bílskúrs í vinnustofu, sameina, mhl.70, og mhl.01, stækka stofur allra íbúða til suðurs og lengja svalir á 1. og 2. hæð að nýbyggingu í íbúðarhúsi á lóð nr. 15 við Hrístateig.  
Stækkun: 23.6 ferm., 61.2 rúmm.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 6. desember 2005.  
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Hverfisgata 92 - USK23050075 Sótt er um leyfi til gera breytingar á stofni BN052439 sem felur í sér að skipta út einangrun frá ytra byrði að innra byrði útveggja í bílakjallara 1. hæð auk leiðréttingar í byggingarlýsingu á lóð nr.92 við Hverfisgötu.  
Gjald kr. 14000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Háteigsvegur 59 - USK23050316 Sótt er um leyfi til að gera breytingar á áður samþykktu erindi BN060306 vegna lokaúttektar á lóð nr.59 við Háteigsveg.  
Gjald kr.14000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Hólmaslóð olíustöð 3 - USK23050056 Óskað er eftir leyfi til að fjarlægja birgðageymi af lóð nr. 14 við Hólmaslóð.  
Gjald kr.14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Kringlan 4-6 - USK23050299 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 8. hæð skrifstofuhúss, mhl. 02 á lóð nr. 8-12 við Kringluna.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 14.000.  
Innanhúss breytingar á 8. hæð Kringlunnar 4-12 sem er stóri turn. Óskað er eftir að breyta/færa til skiptingu tveggja skrifstofueininga sem eru á hæðinni (skiptingin í tvær skrifstofueiningar er þegar samþykkt 2005, BN032066). Sami eigandi er á báðum einingum og skráning breytist ekki.  
  
Frestað. Vísað til athugasemda.
20. Köllunarklettsvegur 4 - USK23030070 Sótt er um leyfi til að endurnýja og stækka glugga og hurðir á suðvesturhlið, koma fyrir útblástursopi fyrir loftræsingu á austurgafli, breyta innra skipulagi og sameina rými 0102 og 0103 (verður 0102) og innréttu fyrir rekstur endurvinnslu í húsi á lóð nr. 4 við Köllunarklettsveg.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga, yfirlýsing burðarvirkishönnuðar dags. 3. mars 2023, greinargerð hljóðvistar dags. 28. febrúar 2023, greinargerð brunahönnuðar dags. 27. febrúar 2023, bréf hönnuðar dags. 13. apríl 2023, mæliblað og fundargerð húsfundar dags. 17. maí 2023.  
Gjald kr. 14.000.  
  
Frestað. Vísað til athugasemda.
21. Lambhagavegur 5 - USK23050057 Sótt er um leyfi fyrir millilofti (geymslulofti) í lagerhúsnæði 01-04 í húsi nr. 5 við Lambhagaveg.  
  
Frestað. Lagfæra skráningu.
22. Langholtsvegur 89 - USK23040101 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060844? þannig að 1. og 2. hæð stækkar, breyta verslun í íbúð í rými 0201, breyta geymslu sem var áður með rýmisnúmer 0003 í tómsundarherbergi með nýja baðherbergisaðstöðu, breyta bílskúr í vinnustofu?, innra breytingar á öllum þremur hæðum ásamt því að breyta staðsetningu inntaks, fjarlægja stiga á milli hæða og þess í stað koma fyrir nýjum stiga á norðurhlið, endurnýja inngang á 2. hæð, byggja svalir á vesturhlið, endurnýja kvisti og breyta þaki, breyta fyrirkomulagi á lóð með því að breyta landhalla, fækka um eitt stæði af fjórum og færa sorpskýli í húsi á lóð nr. 89 við Langholtsveg. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2023 fylgir erindi.  
Stækkun: 53.6 ferm., 357,3 rúmm.  
Gjald kr.14.000.  
  
Frestað. Vísað til athugasemda og einnig í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2023.
23. Lindargata 42 - USK23050295 Sótt er um leyfi á uppsetningu á grindum á svalaganga og svalir fyrir Lindargötu 42.  
  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
24. Lindargata 59 - USK23050073 Sótt er um leyfi til að færa björgunarop með því að gera hurð í staðinn fyrir glugga í dagvist fyrir heilabílaða á 2. hæð í þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar á lóð nr. 59 við Lindargötu.  
Gjald kr. 14000.  
  
Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Logafold 17 - USK23030275 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að opnað hefur verið inn í áður óuppfullt rými og því breytt í geymslu á neðri hæð í einbýlishúsi á lóð nr. 17 við Logafold.  
Stækkun: 24.1 ferm., 62.7 rúmm.  
Erindi fylgir hæðablað útg. B1 dags. 5. desember 1983.  
Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

26. Lykkja 2A - USK23040207 Sótt er um að byggja bílageymslu á lóð nr. 2A við Lykkju.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

27. Lyngháls 2 - USK23040182 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN054011, með síðari breytingarerindum BN060588 og BN061341, þannig að fallið er frá uppbyggingu óeinangraðrar skemmu í suðaustur horni lóðar, innra skipulagi er breytt lítillaga og hurðir færðar til á 1. hæð vörugeymslu á lóð nr. 2 við Lyngháls.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 20. september 2022 og 30. mars 2021.  
Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

28. Maríubaugur 1 - USK23050119 Sótt er um leyfi til að rífa færanlegar kennslustofur á lóð nr. 1 við Maríubaug.  
Mhl. 03-0101, 60,1 ferm.  
Mhl. 07-0101, 60,1 ferm.  
Mhl. 08-0101, 60,1 ferm.  
Mhl. 09-0101, 15 ferm.  
Samtals niðurrif 195,3 ferm.  
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Maríubaugur 3 - USK23050250 Sótt er um leyfi til að taka niður loft, koma fyrir nýju loftræsikerfi og hljóðisogsplötur ásamt því að setja gólfhita inná deildir og í sal leikskóla á lóð nr. 3 við Maríubaug.  
Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

30. Norðlingabraut 14 - USK23050145 Sótt er um leyfi til þess að setja nýja vöruhurð á vesturhlið 2. hæðar í iðnaðarhúsi á lóð nr. 14 við Norðlingabraut.  
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Norðlingabraut 7 - USK23050054 Sótt er um framkvæmdarleyfi á spennni-og rofastöð inn á lóð Norðlingabraut 7.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

32. Rauðarárstígur 27 - USK23030371 Sótt er um leyfi til að breyta notkun atvinnuhúsnæðis og fjölga fasteignum, á 1. hæð verði þjónusta og óbreyttur veitingarekstur í flokki x, teg. x., á 2. til 4. hæð verði sex íbúðir á hverri hæð, alls 18 íbúðir, ásamt hjóla- og vagnaskýli á lóð til austurs við hús á lóð nr. 27 við Rauðarárstíg.  
Stærð eftir breytingu: 2.166,5 ferm., 6.558,5 rúmm.  
Erindi fylgir afrit umsagnar skipulagsfulltrúa erindis SN210609, dags. 4. nóvember 2021, greinargerð brunahönnuðar dags. 28. mars 2023.  
Gjald kr.14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Rofabær 47 - USK23050220 Sótt er um leyfi til að klæða suðurhlíð og setja létt svalahandrið í stað steyptra á húsum nr. 43, 45 og 47 sem eru mhl. 01,02 og 03, á lóð nr. 47 við Rofabæ.  
Gjald kr.14.000.

Frestað. Málinu vísað skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar.

34. Skaftahlíð 32 - USK23050028 Sótt er um leyfi til að gera leiðréttingu á áður samþykktu erindi sem snýr að stigahúsi, en hurð og veggur eru lagfærð eftir raun byggðu húsi og eldri teikningum, sem gleymdist að setja inn á teikningar sem voru samþykktar á stofnerindi USK. USK23020081.  
Gjald kr.14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

35. Smiðjustígur 13 - USK23010141 Sótt er um leyfi til að rífa bílskúr og byggja tveggja hæða hús í gömum stíl ofan á kjallara sem fyrir er, ásamt tengibyggingu yfir í mhl. 01 með sameiginlegu anddyri fyrir bæði húsin og innréttu fjögur, tveggja manna herbergi í gististað í flokki II, teg. C í nýja húsinu, þannig að samtals verða sjö herbergi fyrir 14 gesti á lóð nr. 13 við Smiðjustíg.  
Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlits dags. 28. desember 2022, greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags, 12. desember 2022, minnisblað með geislunarútreikningum frá Brunahönnun slf., dags. 9. júlí 2021, greinargerð aðalhönnuðar merkt 12-20-026 útg. 001 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12. október 2021. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2023 fylgir erindi.  
Stækkun: xx ferm., ss rúmm.  
Eftir stækkun: xx ferm., xx rúmm.  
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2023.

36. Sundaborg 11-13 - USK23050052 Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, gera milligólf og innréttu sem skrifstofur í rými ???? í húsi nr. 11 á lóðinni Sundaborg 1-15.  
Stækkun: xx.xx ferm., xx.xx rúmm.  
Erindi fylgir mæliblað 1336.7 dags. 24. mars 2011 og hæðablað gatnamálastjóra dags í janúar 1980.  
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Sægarðar 11 - USK23030367 Sótt er um leyfi til að byggja skyggni úr stáli yfir aðgangshlíð og vog inn á gámasvæði Eimskips á lóð nr. 11 við Sægarða.  
Stærð: 173.5 ferm., 1,101,5 rúmm.  
Erindi fylgir mæliblað dags. 22. maí 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa Faxaflóahafna dags.

3. maí 2023.  
Gjald 14.000 kr.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

38. Sægarðar 9 - USK23030173 Sótt er um leyfi til að byggja skyggni úr stáli yfir aðgangshlið og vog inn á gámasvæði Eimskips á lóð nr. 9 við Sægarða.  
Stærð: 173.5 ferm., 1,101.5 rúmm.  
Erindi fylgir mæliblað dags. 22. maí 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa Faxaflóahafna dags. 3. maí 2023.  
Gjald 14.000 kr.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

39. Tjarnargata 37 - USK23040196 Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja verönd/pall við suðurhlið og gera þaksvalir á skála við vesturhlið einbýlishúss á lóð nr. 37 við Tjarnargötu.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags 27. febrúar 2023 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2023.  
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar.

40. Vatnagarðar 16 - USK23050062 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og brunavörnum þar sem innréttaðar hafa verið skrifstofur í húsi nr.16 við Vatnagarða.  
Gjald kr. 14000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Vatnagarðar 18 - USK23050063 Sótt er um leyfir til að breyta innra skipulagi, innrétta skrifstofur og lagfæra brunavarnir í húsi á lóð nr 18 við Vatnagarða.  
Gjald kr.14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Vatnsholt 1 - USK23050058 Sótt er um leyfi til að breyta svalagöngum þannig að svalahandrið verði í stað svalalokanna.  
Gjald kr.14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

43. Þingás 17 - USK23050099 Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun bílskúrs, mhl.02, í atvinnurými á einbýlishúsalóð nr. 17 við Þingás.  
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### Ýmis mál

44. Landspítalinn, stækkun lóðar, 1.198.9 - USK23060114 Lóðauppdráttur.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

45. Móavík - Svæði undir regnvatnslagnir og hjóla og göngustíg vegna tvöföldunar Vesturlandsvegar - USK22100033 Lóðauppdráttur.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

**Fundi slitið kl. 13:35**

Nikulás Úlfar Másson  
Edda Þórsdóttir  
Kristín B. I. Sverrisdóttir  
Margrét Pálína Cassaro  
Sigrún Reynisdóttir  
Vala Ragna Ingólfssdóttir